



ADILI AÐ
N.H.F.
OG
A.C.W.W.

KVENFÉLAGASAMBAND ÍSLANDS

FEDERATION OF ICELANDIC WOMEN'S SOCIETIES

Hallveigarstöðum, **Alþingi** 101 Reykjavík - Kennitala 710169-6759 - Sími 552 7430 - Fax 552 7073 - Netfang: kvenfels@centrum.is

Erindi nr. Þ 130/640
komudagur 17.12.2003

Reykjavík, 12. desember 2003.

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Mál: Tillaga til þingsályktunar um eflingu sjálfbóðastarfs.

Umsögn frá Kvenfélagasambandi Íslands sem var stofnað 1. febrúar árið 1930 og hefur innan sinna vébanda 18 héraðs- og svæðasambönd sem í eru 200 félög kvenna um allt land.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd sem meti stöðu sjálfbóðastarfs á Íslandi, hvernig megi efla virðingu fyrir því starfi og auka mikilvægi þess íslensku samfélagi til framdráttar. Nefndin athugi og hvort hægt er að bæta aðstæður frjálsra félagasamtaka hér á landi svo að starf þeirra megi eflast til samræmis við það sem best gerist í öðrum löndum.

Nefndarmenn verði þrír, skipaðir af ráðherra.

Nefndin skili tillögum sínum fyrir 1. september 2004.

KÍ fagnar fram kominni þingsályktunartillögu um skipan nefndar til að meta sjálfbóðastarf á Íslandi.

KÍ tekur heilshugar undir það að efla þurfi virðingu fyrir starfi sjálfbóðaliða í félagasamtökum á Íslandi. Einnig að bæta þurfi aðstæður frjálsra félagasamtaka en við fáum ekki séð hvernig það gæti gert öðruvísi en með fjárhagslegum stuðningi ríkis og sveitarfélaga eins og gerist m.a. á hinum norðurlöndunum.

KÍ telur að nefndarmönnum verði að fjölga og fer hér með fram á að eiga fulltrúa í nefndinni.

KÍ gerir ekki athugasemd við starfstíma nefndarinnar.

Greinargerð

Sjálfbóðastarf hefur skipað ákveðinn sess í íslensku samfélagi um langan aldur. Hjálparveitir hafa unnið mörg þrekvirki sem þakka verður ósérhlífnu starfi meðlima þeirra og íþróttafélög og barna- og unglíngastarf hefur oft og tíðum byggst á sjálfbóðastarfi. Þá hafa Íslendingar veitt fátækum þjóðum aðstoð með sjálfbóðavinnu sem ýmist hefur verið innt af hendi hér heima, t.d. með peningasöfnun, eða í ríkjum þar sem aðstoðar hefur verið þörf. Á meðal stórra samtaka og félaga sem byggst hafa á framlagi sjálfbóðaliða eru Íþróttasamband Íslands, Landsbjörg, Kvenfélagið Hringurinn og Rauði Kross Íslands.

KÍ sýnist að flutningsmenn þessarar þingsályktunar séu ekki nógu upplýstir um störf frjálsra félagsamtaka á Íslandi og allt það gífurlega sjálfbóðastarf sem þar hefur alltaf farið fram. Fyrsta kvenfélagið á Íslandi var stofnað árið 1869 í Rípurhreppi í Skagafirði. Búnaður fyrstu björgunarsveitar á Íslandi var gefinn af kvenfélagi. Flestar heilsugæslustöðvar, kirkjur, leikskólar, grunnskólar og sjúkrahús á Íslandi, svo að eitthvað sé nefnt, eiga sjálfbóðastarfi kvenna í kvenfélögum mikið að þakka í formi peningasafnana og annarra gjafa til ofangreindra stofnana og það allt frá stofnun fyrsta kvenfélagsins en síðan eru liðin 134 ár. Kvenfélagið Hringurinn er aðili að Bandalagi kvenna í Reykjavík sem er eitt af héraðs- og svæðasamböndum Kvenfélagsambandis Íslands. Unnið er að samantekt á framlagi kvenfélaga á Íslandi til samfélagsins þessi 134 ár eða eins langt aftur í tímann og skjöl finnast þar um. Verður eflaust fróðleg lesning.

Árið 2001 var ár sjálfbóðastarfs hjá Sameinuðu þjóðunum. Það ár var haldin ráðstefna hér á landi þar sem íslenskir og erlendir fyrirlesarar skiptust á skoðunum. Margt sem gert var á þessu ári sjálfbóðastarfs bæði hér heima og erlendis gæti nýst í starfi nefndarinnar sem hér er lagt til að ráðherra skipi.

KÍ finnst þessi hluti greinargerðarinnar óskýr.

Þrátt fyrir að flestir geri sér grein fyrir mikilvægi þess starfs sem sjálfbóðaliðar vinna skortir nokkuð á fullan skilning í þeim efnum. Evrópuráðsþingið hefur beint þeim tilmælum til aðildarríkja Evrópuráðsins að starf sjálfbóðaliða verði metið að verðleikum en rannsóknir hafa sýnt fram á að störf sjálfbóðaliða eru stór hluti af landsframleiðslu hvers ríkis, allt frá 10-20%. Þeir sem bjóða krafta sína til sjálfbóðastarfa öðlast oft mikla reynslu sem ekki verður aflað annars staðar.

KÍ tekur undir skilningsleysið, sjá ofar.

Viða erlendis er slík starfsreynsla metin til fulls á við reynslu sem aflað er í launuðu starfi en svo er ekki hérlendis nema að takmörkuðu leyti. Það er álit flutningsmanns að þessu þurfi að breyta. Því er lagt til að nefndin meti hvernig megi efla virðingu fyrir starfi sjálfbóðaliða, t.d. hvort breyta megi lögum á þann hátt að kveðið verði á um að við mat á hæfni þeirra sem sækja um opinber störf skuli full tillit til reynslu sem aflað hefur verið í sjálfbóðastarfi.

KÍ er sammála ofanrituðu en leggur til að þegar talað er um sjálfbóðastarf þá megi allt eins tala um ólaunað félagsmálastarf.

Margir sem vinna heima vilja gjarnan vinna úti hluta dags en sækjast ekki alltaf eftir launuðu starfi heldur leita allt eins að vettvangi þar sem þeir geta látið gott af sér leiða og þegið ánægju og virðingu í laun. Slíka fórnfýsi þarf að virkja en veita jafnframt fulla virðingu.

KÍ tekur undir þetta með að bera virðingu fyrir störfum annarra hvort heldur er í sjálfbóðavinnu eða launaðri vinnu.

Störf sjálfbóðaliða eru mikilvægur þáttur í hverju samfélagi. Sjálfbóðaliðar vinna oft störf sem hvorki ríki né einkafyrirtæki hafa tök á að sinna. Því er ástæða til að athuga

hvort bæta megi á einhvern hátt umhverfið sem frjáls félagasamtök búa við hér á landi. Sparnaður þjóðarfélagsins af vinnu sjálfbóðaliða er ómældur og ef nefndin gæti aflað grunnupplýsinga um þann sparnað gæti það reynst mikilvægt tæki við hagstjórn.

KÍ vonar að með flutningi þessarar þingsályktunartillögu hafi það verið markmiðið að bæta hag frjálsra félagasamtaka á Íslandi og að fyrirhuguð nefnd hafi það að leiðarljósi.


KÍ telur æskilegt að verðandi formaður nefndarinnar hafi bæði skilning og reynslu af sjálfbóðastarfi í frjálsum félagasamtökum og hafi sinnt þar ólaunuðu starfi.

KÍ endurtekur ósk sína um að eiga fulltrúa í nefndinni.

Fh. Kvenfélagasambands Íslands



Helga Guðmundsdóttir
forseti KÍ



Kristín Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri KÍ